

Primex ehf.
Guðný Helga Kristjánsdóttir
Óskarsgötu 7
580 Siglufjörður

Reykjavík, 26. júní 2020
UST202003-036/gf
08.09.02

Varðar vettvangsheimsókn (eftirlit) í Primex ehf. á Siglufirði

Þann 3.6.2020 sl. fór fram eftirlit í kítósanverksmiðju Primex ehf. á Siglufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlit en eitt eldra frávik (um sýrustig í frárennsli) er enn opið. Þjár ábendingar voru settar fram:

1. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun afrit af mæligögnum sem ná yfir tveggja vikna tímabil fyrir og eftir fyrirhugaðar breytingar á pH mæli í fráveitubrunni.
2. Rekstraraðili skal uppfæra áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar og bæta inn í áætlunina lýsingu á tæmingu á hreinsivirkjum verksmiðjunnar bæði fyrir ryksíur (loft) og síur í frárennsli (vatn). Eins mat á ástandi lóðar og hugsanlegrar mengunar í jarðvegi sem gæti þarfnað hreinsunar.
3. Vegna breytinga á fráveitulögn þarf rekstraraðili að uppfæra mælistöðvar vegna efnamælinga í viðtaka, sbr. grein 5.1 í starfsleyfi. Mælistöðvar og bakgrunnsstöð skulu ákveðnar í samráði við eftirlitsaðila.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	3.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Óskarsgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Marteinsson	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik fannst í eftirliti en eitt eldra frávik (2017) er enn opið. Þremur ábendingum er komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Kynning á rekstraraðila
2. Niðurstaða síðustu eftirlita, úrbætur frávika og ábendinga
3. Kröfur í starfsleyfi, áætlanir skýrslur, tilkynningar og umhverfismarkmið
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Skráning olíugeyma skv. rg. 884/2017
6. Önnur mál
7. Skoðun á verksmiðjunni

1. Sest var á fund í húsakynnum Ramma hf. með fulltrúum Primex ehf. þeim Sigríði Vigfúsdóttur framkvæmdastjóra, Rúnari Marteinssyni rekstrarstjóra og Guðnýju Helgu Kristjánsdóttur gæðastjóra. Rætt var um framleiðsluna og Guðný Helga var með kynningu á fyrirtækinu.

2. Í síðustu eftirlitum (2018 - 2019) voru skrifuð upp frávik vegna frárennslis. Að pH sé utan leyfilegra marka (pH 10 meira en 5% af rekstrartíma), að pH sé yfir 11,5 og mælir í fráveitu sé bilaður. Búið er að endurnýja mæli (febrúar 2019) og iöntölvu endurstílt. Rekstraraðili segir pH enn fara út fyrir leyfileg mörk en nú eingöngu um helgar þegar verksmiðjan er stopp. Skýringar rekstraraðila eru að froða safnist upp í fráveitubrunninum við þrif á húsnæðinu og að mælirinn sitji í froðunni allar helgar þegar ekkert gegnumstreymi er í brunninum. Mælirinn gefi því falska niðurstöðu. Farið var fram á að rekstraraðili fái leyfi til þess að prófa að láta ferskt vatn drjúpa á mælinn, bæði til þess að hreinsa froðuna af mælinum og eins til þess að halda mælinum rökum þegar vatnshæð lækkar í brunninum.

Eftirlitsaðili félst á þetta sem tilraunaverkefni en óskaði eftir mæligögnum yfir tveggja vikna tímabil fyrir og eftir fyrirhugaðar breytingar til að staðfesta niðurstöður pH mælinga og að niðurstöður séu innan leyfilegra marka þegar rekstur er í gangi. Vatnsmagn til skolunar á mælinum má ekki vera til þynningar á efnamagni í fráveitu og ekki skekkja sýrustigmælingar rekstraraðila.

Varanleg lausn verður þó að endurhanna brunninn og koma pH mæli fyrir neðar yfirborð fráveituvatns til þess að hann mæli sýrustig fráveituvatns eins og tilskilið er. Niðurstaða tilraunarnarinnar verður skoðuð í seinna eftirliti ársins. Frávikinu verður haldið opnu enn um stund.

Í eftirliti 2017 var skrifað upp frávik vegna áberandi lits við útrás verksmiðjunnar. Rauðleitur litur var við útrásina og eru ástæður þekktar.

Sameiginleg fráveitulög Ramma hf. og Prímex ehf. hefur nú verið færð út á meira dýpi og fjær öðrum lögnum. Ekki hefur boríð á þessum áberandi lit eftir breytingar. Frávikinu er því lokað.

3. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi. Áætlun um viðbrögð við efnaslysum á rannsóknastofu liggur fyrir. Þar eru listuð upp eftirfarandi efni sem bregðast þarf við ef óhöpp verður: Saltsýra, ediksýra, lítur og sterkt etanól. Eins liggur fyrir viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar er til en bent er á að bæta má inn í áætlunina tæmingu á hreinsivirkjum verksmiðjunnar bæði fyrir ryksíur (loft) og síur í frárennslí (vatn). Eins mat á ástandi lóðar og hugsanlegrar mengunar í jarðvegi sem gæti þarfast hreinsunar.

Gera þarf hávaðamælingar (grein 3.2) á fimm ára fresti og komið er að næstu hávaðamælingu. Árlega skal mæla efnastyrk í sjó þ.e. viðtaka (grein 5.1) og skal mæla COD/TOC, svifefni, N, P og Ca. Á þriggja ára fresti skal gera úttekt (t.d. myndatöku) á frárennslí (grein 5.1), næst 2021.

Árleg skil eru á útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi, fyrir 1 maí ár hvert. Báðum skýrslum hefur verið skilað.

Skrá skal umsjón með, eftirlit og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, öll mengunaróhöpp sem verða og viðbrögð við þeim. Kvartanir sem berast vegna rekstursins skal skrá og eins skal skrá úrgang og öll spilliefni sem myndast og halda til haga kvittunum móttökuaðila.

4. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Primex ehf. fór í eftirlitsflokk A sem gerir tvö eftirlit á ári. Hlustað var á athugasemdir rekstraraðila og verður tekið mið af þeim þegar áhættumatið verður endurskoðað í haust.

5. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti. Fram kom hjá rekstraraðila að engir eldsneytisgeymar væru í notkun og allt eldsneyti keypt á nálægri bensínstöð.

6. Nú þegar fráveitulögn Primex hefur verið færð út á meira dýpi og fjær öðrum lögnum þarf að endurskoða vöktunaráætlun vegna losunar í viðtaka, í sjó. Sýnatökustaðir hafa hliðast. Skila þarf nýrr áætlun en mælistastaðir og bakgrunnsstöð skulu ákveðnar í samráði við eftirlitsaðila.

7. Farið var í skoðun með Guðnýju Helgu og Rúnari. Í efnageymslu var gerð athugasemd við niðurföll í gólfí en fram kom að Ecospill mottur á niðurföll eru í þöntun og væntanlega fljótlega.

Ekki er gerð athugasemd við aðstöðuna.

Enginn litur var á sjó við endann á fráveitulögn félagsins.


ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun afrit af mæligönum sem ná yfir tveggja vikna tímabil fyrir og eftir fyrirhugaðar breytingar á pH mæli í fráveitubrunni.

2. Rekstraraðili skal uppfæra áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðunar og bæta inn í áætlunina lýsingu á tæmingu á hreinsivirkjum verksmiðjunnar bæði fyrir ryksíur (loft) og síur í frárennsli (vatn). Eins mat á ástandi lóðar og hugsanlegrar mengunar í jarðvegi sem gæti þarfnað hreinsunar.

3. Vegna breytinga á fráveitulögn þarf rekstraraðili að uppfæra mælistöðvar vegna efnamælinga í viðtaka, sbr. grein 5.1 í starfsleyfi. Mælistöðvar og bakgrunnsstöð skulu ákveðnar í samráði við eftirlitsaðila.

Reykjavík, 26.06.2020



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.